Viðtakandi: Borgarráð
Sendandi: Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Reykjavík, 22. nóvember 2026
MSS26110038

UMSÖGN

Efni: Tillaga að fjárhags- og verkefnaáætlun 2027 fyrir stafrænt samstarf sveitarfélaga

Vísað er til bréfs Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 11. nóvember sl., þar sem lögð er fram tillaga að fjárhags- og verkefnaáætlun 2027 fyrir stafrænt samstarf sveitarfélaga.

Tillögur að fjármögnun og verkefnum stafræna teymisins voru samþykktar af stjórn Sambandsins 30. október sl. Verkefnaáætlunin byggir á stefnumörkun Sambandsins 2027–2030 og tekur jafnframt mið af samstarfsverkefnum ríkis og sveitarfélaga. Á landsþingi Sambandsins kom fram sterkt ákall um aukið samstarf sveitarfélaga í stafrænum málum, enda miði verkefnin fyrst og fremst að því að efla og bæta grunnþjónustu sveitarfélaga.

Lagt er til að kostnaðarþátttaka sveitarfélaga vegna stafræns samstarfs árið 2027 nemi um **107.000.000 kr.** sem verður innheimt í tveimur áföngum, í júní og desember.

Reykjavíkurborg ákvað í mars 2026 að taka með formlegri hætti þátt í stafrænu samstarfi sveitarfélaga og greiða til samstarfsins í sama hlutfalli og önnur sveitarfélög, miðað við íbúafjölda. Upphafleg fjármögnunaráætlun ársins 2026 nam 73 milljónum kr. en hækkaði í 104 milljónir kr. með þátttöku Reykjavíkurborgar.

Fjármögnun ársins 2027 tekur mið af 2,5% hækkun á gjaldskrá til sveitarfélaga vegna verðlagsþróunar. Að öðru leyti er um sambærilega áætlun að ræða og fyrir árið 2026. Sá kostnaður sem er áætlaður að falli á Reykjavíkurborg nemur tæplega 32 m.kr. en samkomulag er um að framlagið verði hvoru tveggja í formi vinnuframlags/sérþekkingar á sviði stafrænnar þróunar auk fjárframlags hafi Reykjavíkurborg ekki uppfyllt samkomulag um veitta þjónustu og skal mismunurinn þá greiddur í árslok hvers starfsárs.

Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Reykjavík